

Keflavíkurvöllur

LAUGARDAGUR 29. JÚNÍ 2019

Kynningar: Kadeco, Baseparking, Joe & the Juice



Frið byrjar á Keflavíkurflugvelli

Það er margt um að vera á verslunar- og þjónustusvæði flugstöðvarinnar. Verslanirnar bjóða upp á gott úrval og það eru flott tilboð í gangi á veitingastöðunum.

Isavia vill tryggja að frið byrji og gangi vel og býður ferðalöngum því að undirbúa sig fyrir flug frá Keflavíkuflugvelli á ýmsan hátt. Þannig er bæði hægt að flýta fyrir sér og gera ferðalagið þægilegra. ➔2

Þjónustufyrirtækið Isavia sér um rekstur á Keflavíkurflugvelli og á innanlandsflugvöllum landsins og er því mikilvægur ferðafélagi í öllum flugferðum Íslendinga. Fyrirtækið vill vera hluti af góðu ferðalagi og leggur sig fram um að bjóða fyrsta flokks þjónustu, því allt er gott sem byrjar vel.

„Það eru vissulega breyttir tímar í flugumferð á Íslandi eftir að

WOW air hvarf af sjónarsviðinu og við sjáum fram á töluverða fækkun farþega í sumar,“ segir Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, deildarstjóri viðskipta á Keflavíkurflugvelli.

„En álagspunktarnir eru samt enn þá mjög stórir og þar afleiðandi er mikilvægt að gefa sér góðan tíma á flugvöllinum og undirbúa sig sem best svo að ferðalagið gangi snurðulaust og byrji eins vel og hægt er.“

Leggja bílnum fyrir þig

„Við mælum með því að bóka bílastæði fyrir fram. Það tryggir langbesta verðið og gerir það þægilegra að mæta upp á völli,“ segir Gunnhildur. „Við bjóðum líka upp á þjónustu sem heitir Lagning. Hún gengur út á að við sjáum um að leggja bílnum fyrir

Framhald á síðu 2 ➔



Isavia leggur mikla áherslu á að bjóða gestum Keflavíkurflugvallar upp á fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum. MYNDIR/HVÍTA HÚSÍÐ

þig, en Lagningu er hægt að panta í bókunarkerfinu okkar.

Þegar þú kemur á völlinn með alla fjölskylduna getur oft verið mikið stress í gangi og það getur verið í alls konar veðri. Þá er óskaplega gott að geta bara lagt á skammtímastæðinu við flugstöðina og afhent lyklna að bílnum. Bíllinn bíður svo fyrir utan flugstöðina þegar heim er komið,“ segir Gunnhildur. „Þetta er mjög þægilegt og léttir líka allt stressið sem fylgir ferðalögum. Svona þarf maður bara ekkert að hugsa um bíllinn.“

Margar leiðir til undirbúnings

„Svo er hægt að fylgjast með fluginu sínu í gegnum vefinn keflavikurflug.is. Þar getur maður fundið sitt flug og valið að fá allar uppfærslur eða tilkynningar sem tengjast fluginu sínu beint í símann, annað hvort í gegnum Messenger eða tölvupóst,“ segir Gunnhildur. „Þannig veistu strax af því ef það verður einhver breyting á fluginu og þarft ekki stöðugt að fylgjast með.“

Einnig flýtir rosalega fyrir að innrita sig á vefnum áður en maður kemur á völlinn, mörg flugfélög eru byrjuð að bjóða upp á þann möguleika,“ segir Gunnhildur. „Það eru líka margar sjálfsgreiðslustöðvar fyrir innritun inni í flugstöðvarbyggingunni og þar flýta mikið fyrir, svo ferðin í gegnum flugstöðina verður fljótlegri og þægilegri fyrir alla. Flest flugfélög gera ferðalögum meira að segja kleift að innrita töskuna sína sjálfir.“

Við mælum með að koma á flugvöllinn tveimur og hálfum tíma fyrir flug til að allt gangi sem best og fólk lendi ekki í neinu veseni eða tímahraki. Flest flugfélög bjóða upp á innritun með það löngum fyrirvara,“ segir Gunnhildur.



Gunnhildur segir að álagspunkturarnir á Keflavíkurflugvelli séu enn mjög stórir og því sé mikilvægt að gefa sér góðan tíma á flugvöllum og undirbúa sig sem best.

Margt í boði í flugstöðinni

„Það kannast allir við tilhlökkunina sem fylgir því að fara í fri og koma upp á flugstöð. Þegar bæði innritun og öryggisleit er lokið kemst maður inn á verslunar- og þjónustuvæðið og þar er margt um að vera,“ segir Gunnhildur. „Verslanirnar okkar bjóða upp á gott úrval, þær eru allar tollfrjálssar og það eru ýmiss konar tilboð í gangi þar í allt sumar, svo það er sannarlega góður kostur að versla á flugvöllum.“

Það eru líka flott tilboð í gangi í veitingum fyrir alla fjölskylduna á matsöslustöðunum okkar um þessar mundir,“ segir Gunnhildur. „Til dæmis geta börn fengið barnamáltíð á Mathúsinu alveg ókeypis, sem er ansi góð kjarabót og það eru líka fjölskyldutilboð í gangi á nýja veitingastaðnum, Hjá Höllu. Þar er boðið upp á eldbakadur pitsur sem hafa slegið í gegn hjá mörgum undanfarið.“

Inni á heimasíðunni www.whenin-kef.is er hægt að sjá vöruúrval og þau tilboð sem eru í boði í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þar má einnig fá nánari upplýsingar um allt sem tengist undirbúningi fyrir flug, innritun, öryggisleit o.s.frv.



Í flugstöðvarbyggingunni eru margar sjálfsgreiðslustöðvar fyrir innritun í flug, sem flýta mikið fyrir.



Það er mælt með því að bóka bílastæði fyrir fram til að fá langbesta verðið og gera það þægilegra að mæta upp á völli.



Þægilegri bankaþjónusta á leið í fríð

Gríptu gjaldeyrinn með þér á flugvælinum. Útibúið okkar í brottfararsalnum er opið frá fimm á morgnana til miðnættis alla daga. Þar og í hraðbönkum okkar í flugstöðinni færðu allar helstu myntir. Góða ferð!





Mynd af Vought OS2U Kingfisher á leið til Íslands sem tekin var um borð í USS New York árið 1945. NORDICPHOTOS/GETTY

100 ára flugsaga Íslands

Pann 3. september árið 1919 hóf fyrsta flugvélin sig til lofts á Íslandi og gerðist það í Vatnsmýrinni. Flugmálafélagið, Pristavinafélagið og Isavia hafa minnst þessara tímamóta en fjölmenni var á hinum árlega flugdegi.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Þriðja september árið 1919, aðeins 15 árum eftir að Wright bræður hófu sig til flugs fyrstir manna, fór flugvél af stað í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Samkvæmt Morgunblaðinu var sunnangola í Vatnsmýrinni þennan dag, alskýjaður himinn yfir Reykjavík og hiti um 14 gráður. Flugvélin Avro 504K hóf sig svo á loft seinni partinn. Avro 504K flugvélar voru opnar tvíþekjur sem gátu borið einn farþega auk flugmanns og höfðu þriggja tíma flugþol. Flughraðinn var um 100 kílómetrar á klukkustund. Flugmaðurinn var Cecil Torben Faber og var aðeins tvítugur. Cecil var herflugmaður úr breska hernum, sonur danska stjórnarráðunautarins Haralds Fabers, sem starfaði í Lundúnum.

„Vélin leið áfram um loftið eins og risavaxinn fugl, stöðugri en nokkur vagn á renniléttum vegi, sneri sér í krappar beygjur og tyllti sér eftir dálitla stund aftur á grassvörðinn,“ sagði í Morgunblaðinu daginn eftir. Þar segir enn fremur að margt fólk hafi safnast saman til að skoða vélina og sumir borguðu 50 auro til að skoða þennan furðugrip. Þegar Faber hóf sig á loft í seinna skiptið klappaði mannfjöldinn og hrópaði.

„Þegar hún losnaði við jörðina, dundi við lófaklapp allra og köll margra. Fjöldinn allur hafði aldrei séð flugvél lyfta sér til flugs áður og það hefir einkennileg áhrif á jarðbundnar verur. Ekki aðeins mennina. Hestarnir á næsta túni við flugvöllinn gláptu á þetta furðuverk og voru steinhissa. Og einn hundur ætlaði að tryllast.“

Flugvélin smáhækkaði í lofti og vatt sér í hringum upp í 500 metra hæð og leið þar áfram. Öðru hvoru stöðvaði flugmaðurinn motorinn, steypiti vélinni beint niður á nokkra tugi metra og rétti við aftur. Var þá mörgum nóg boðið og nokkrir krakkar fóru að skæla,“ segir í frásögn Morgunblaðsins 1919.

146 ferðir

Fyrsti flugfarþeginn á Íslandi var Ólafur Davíðsson, útgerðarmaður í Hafnarfirði. Tveimur dögum síðar fór fyrsta konan um borð og var það Ásta Magnúsdóttir, sem síðar varð ríkisfóhjúðir. Alls fór Avro-vélin 146 ferðir á sextán flugdögum. Síðan var hún tekin í sundur og geymd í skýli fram að sumrinu 1920. Flugmálafélagið, Pristavinafélagið og Isavia hafa minnst þessara tímamóta síðustu vikurnar.

Fyrst var því fagnað með komu fjölmargra svonefndra þrista, véla af gerðinni Douglas DC-3, sem komu hingað til lands á leið



Avro 504K flugvél, líkt og kapteinninn ungi, flaug yfir höfuðborgina í september 1919.



Um 1980, Frihöfnin á Keflavíkurflugvelli. Stæða af bjór sem flugáhafnir gátu einungis keypt.



Kapteinn Faber

Í Morgunblaðinu síðar í september 1919 segir frá hinum unga Faber. „Til vígstöðvanna fór capt. Faber í desember 1915 og tók þá til óspilltra málanna. Tæpum tveim mánuðum síðar lenti hann í viðureign, sem nærri hafði riðið bonum að fullu. Hann fékk kúlu í fæturna og brotnaði annar. Capt. Faber var þá við annan mann í vélinni. Þegar hann varð fyrir skotinu, var hann í 7000 feta hæð. Hann missti sem snöggvast meðvitundina af sársaukanum, en þegar hann rankaði við sér aftur, voru ekki nema 1500 fet til jarðar.“

Hann var staddur yfir vígstöðvum Þjóðverja og náð. 40 kílómetra leið heim til herbúða Breta. Komst bann þó slysalaust heim, en var veikur hér um bil heilt ár á eftir. Í aprílmánuði 1918 særðist capt. Faber aftur, en ekki eins stórvægilega. Var hann þá aleinn í vél sinni með þrjár hriðskotabyssur og varð fyrir skoti neðan af jörðunni. Lá hann þrjár vikur í sárum, en fór ekki í ófriðinn aftur. Hann gerðist þá flugkennari í Bretlandi. Í ófriðnum skaut hann niður fimm þýzkar flugvélar og þá sjöttu veit hann ekki um, hvort hún féll niður eða gat bjargað sér undan, því hún hvarf sjónum.“

„Var þá mörgum nóg boðið og nokkrir krakkar fóru að skæla.“

frá Bandaríkjunum til Bretlands til þátttöku í minningarathöfn vegna innrásarinnar í Normandí í júní 1944. Almenningsi var boðið að skoða þær vélar á Reykjavíkurflugvelli í síðari hluta maímánaðar. Fimmtudaginn 23. maí flutti Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur, og höfundur bókarinnar Saga flugvallar og flugleidsögu á Íslandi, erindi um sögu Reykjavíkurflugvallar.

Fjallað var um flugvallargerðina á árum síðari heimsstyrjaldar, þróun flugvallarins og langvinnar deilur um staðsetningu og starfsemi Reykjavíkurflugvallar allt frá því að Bretar gerðu flugvöllinn.



**ALLT ER GOTT
SEM BYRJAR VEL**

Fríð byrjar hjá okkur. Skoðaðu vöru- og veitingaúrvalið okkar á wheninkef.is og byrjaðu fríð fyrr.

Við hlökkum til að sjá ykkur.



www.wheninkef.is



[#wheninKEF](https://www.instagram.com/wheninKEF)



**KEFLAVIK
AIRPORT**

Farþegum fækkar mikið milli ára

Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki frá því sem var í fyrra vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina. Álagstímar eru enn til staðar í starfsemi flugfélaga á flugvöllinum og flugferðir eru því oft á sama eða svipuðum tíma.

Fjölgun farþega um Keflavíkurflugvöll hefur verið afar hröð á síðustu árum og hefur hún í sumum tilvikum kallað á uppfærða farþegaspá þegar liðið hefur á árið – hvort sem farþegum hefur fjölgað eða fækkað. Í lok mars hætti WOW air, einn stærsti viðskiptavinur Isavia á Keflavíkurflugvelli, starfsemi. Þá var ljóst að gera yrði breytingar á farþegaspá fyrir árið 2019. Því til viðbótar hefur verið nokkur óvissa vegna stöðu Boeing MAX flugvéla Icelandair.

Í spá fyrir árið 2019, sem birt var í janúar, var gert ráð fyrir að 8,9 milljón farþegar færu um Keflavíkurflugvöll í ár. Í uppfærðri farþegaspá Isavia, þ.e. rauntölur fyrir janúar til og með maí og síðan spá fyrir júní til og með desember, er gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll verði tæpar 7,3 milljónir sem er fækkun um tæpar 2,5 milljónir frá því sem var í fyrra. Áætlaður heildarfjöldi í ár er nærri hálfri milljón meiri en árið 2016.

Í spá Isavia frá í janúar var gert ráð fyrir því að 2,26 milljónir erlendra farþega kæmu til Íslands. Það var fækkun um 2% frá því í fyrra. Það er mat Isavia, að erlendir farþegar til landsins í ár verði 1.927 þúsund. Það er fækkun um 333 þúsund manns frá fyrri spá og 388 þúsund manns frá því sem raunin varð í fyrra. Spáin gerir því ráð fyrir um 9% fleiri erlendum ferðamönnum en árið 2016.

Íslenskum farþegum fækkar um 5,5%, úr rúmlega 668 þúsund í rúmlega 631 þúsund.

Sumarið á Keflavíkurvelli

Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki frá því sem var í fyrra vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina. Það er vegna þess að álagstímar eru enn til staðar í starfsemi flugfélaga á flugvöllinum og flugferðir eru því oft á sama eða svipuðum tíma. Mælt er með því að farþegar komi til innritunar 2-2,5 klukkustundum fyrir brottför. Þeir eru hvattir til að vera vel undirbúnir fyrir öryggisleit á flugvöllinum og nýta sér sjálfsinnritunarstöðvar ef slíkt er í boði fyrir viðkomandi flug til þess að allt muni ganga vel fyrir sig á flugvöllinum.

Mat Isavia er að fjöldi erlendra



Það er mat Isavia, að erlendir farþegar til landsins í ár verði 1.927 þúsund. Það er fækkun um 333 þúsund manns frá fyrri spá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Skiptifarþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fækkar um 43 prósent frá í fyrra, úr tæpum 3,9 milljónum í tæpar 2,2 milljónir. Þar munar tæplega 1,7 milljónum farþega. Mestu munar um brotthvarf WOW air.

farþega til Íslands í ár verði 1.927 þúsund. Þeim fækki því um 388 þúsund milli ára.

Skiptifarþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fækkar um 43 prósent frá í fyrra, úr tæpum 3,9 milljónum í tæpar 2,2 milljónir.

Þar munar tæplega 1,7 milljónum farþega. Mestu munar um brotthvarf WOW air.

Uppfærðar tölur um farþegafjölda í júní og til loka desember benda til að heildarfjöldi farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll árið 2019 verði um 7,3 milljónir. Útlit er fyrir að íslenskir farþegar um Keflavíkurflugvöll verði um 631 þúsund árið 2019 sem er 37 þúsundum færri en í fyrra.

Farþegaspá Isavia 2019 fyrir Keflavíkurflugvöll er unnin út frá upplýsingum um afgreiðslutíma sem flugfélögin hafa tryggt sér. Farþegaspáin byggir á upplýsingum úr kerfum Isavia, til viðbótar við þær fréttir sem borist hafa af flugfélögum. Spáin er að því leyti unnin með öðrum hætti en áður. Isavia telur hins vegar að fyrir liggja nægar upplýsingar til að gefa út uppfærða farþegaspá og svara þannig ákalli markaðarins.

flybus

Við skutlum þér!

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur & brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Verslaðu miða á flugrutan.is

- Tryggt sæti
- Frítt internet
- Tíðar ferðir
- flugrutan.is

Kynniserðir – Reykjavík Excursions
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is
www.re.is • www.flugrutan.is

Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR





Samlokurnar hjá Joe & the Juice eru úr sérbökuðu brauði og þær næra kroppinn.



Á Joe & the Juice er hægt að fá sér hressandi djús áður en farið er í flug.



Lögd er áhersla á gæðahræfni.



Joe & the Juice er á þremur stöðum á Keflavíkurflugvelli.

Gott ferðalag byrjar með Joe og því lýkur einnig með Joe

Joe & the Juice er svar við óskum fólks um hollan og góðan skyndibita.

Veitingastaðurinn Joe & the Juice býður upp á hollan skyndibita úr ferskum hráefnum. Á Keflavíkurflugvelli eru þrjár Joe & the Juice staðir enda eru þeir orðnir mjög stór hluti af ferðalögum Íslendinga til og frá landinu að sögn Rúnars Kristmannssonar, markaðsstjóra staðarins.

„Við höfum fengið það á tilfinninguna að Joe sé svar við óskum fólks um næringarríkan mat inni á flugstöðinni. Valkostirnir voru fáir þegar kom að hollum mat úr ferskum hráefnum sem auðvelt er að grípa með sér,“ segir Rúnar.

Joe & the Juice eru með þrjá veitingastaði í Flugstöðvarbyggingunni. Frammi hjá innrituninni



Joe & the Juice býður upp á lifrænt kaffi.

er einn staður þar sem gott er að setjast og fá sér eitthvað að borða ef fólk er til dæmis að sækja farþega eða ef fólk vill tylla sér niður og biða ef seinkun hefur orðið á flugi. Inni á flugstöðinni sjálfri eru tveir staðir til viðbótar. „Það er einn staður sem þú kemur að fljótt eftir öryggisleitina og annar í suðurbyggingunni þar sem tengiflugin

eru. Staðirnir eru alltaf opnir þegar það er flug,“ segir Rúnar.

„Joe & the Juice er góður kostur hvort sem þú vilt setjast niður fyrir flug, grípa eitthvað mér þér í flugið eða setjast niður eftir langt ferðalag ef vantar smá orku áður en þú ferð heim.“

Joe & the Juice ætti að vera flestum Íslendingum að góðu



Það er gott að grípa samloku og safa með sér í flugið.

kunnur. Þar er hægt að kaupa næringarríka safa úr ferskum ávöxtum og grænmeti, frískandi sjeika, lifrænt kaffi og gómsætar samlokur sem gleðja bragðlaukana. Einnig er hægt að kaupa orkuskot úr engiferi, túrmerik og rauðrófum sem eru hressandi fyrir langt flug. „Að ekki sé minnst á morgunmatar- og millimálssnildina Joegurt,“ segir Rúnar.

„Lykilatriðið þegar maður ferðast er að hugsa um næringuna. Þá skemmir ekki fyrir að hafa fljótlegan og hentugan valkost eins og Joe & the Juice. Staðurinn er bæði vinsæll hjá ferðamönnum og áhafnarmedilimum sem koma oft við og taka með sér djús eða samloku á leið í flug,“ segir Rúnar að lokum.

Eldsneytisnotkun Isavia kolefnisjöfnuð

Isavia skrifaði undir þriggja ára samning um kolefnisjöfnun á starfseminni. Á síðasta ári var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Isavia 2.694 t CO₂e.

Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri Isavia, Reynir Kristinsson, stjórnarformaður kolefnissjóðsins Kolviðar, og Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs, undirrituðu samninga um kolefnisjöfnun allrar eldsneytisnotkunar Isavia. Samningurinn gildir næstu þrjú árin.

Eldsneytisnotkun vegur þyngst í kolefnisspori Isavia. Stærstan hluta þessarar notkunar má rekja til þjónustu og viðhalds á flugbrautum og athafnasvæðum flugvallar og er sú þjónusta að miklu leyti háð veðri. Á síðasta ári var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna eldsneytis í starfsemi Isavia 2.694 t CO₂e. Um er að ræða beina losun í starfsemi Isavia og er sá þáttur þar sem félagið hefur mest tækifæri til úrbóta.

„Isavia hefur á síðustu árum lagt áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni,“ segir Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri Isavia. „Árið 2015 var sett markmið um að lækka losun gróðurhúsalofttegunda um 29%



Maria Kjartansdóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá Isavia, Hrönn Ingólfssdóttir, forstöðumaður verkefnastofu Isavia, og Valur Klemensson, deildarstjóri umhverfiseildar á Keflavíkurflugvelli.

á hvern farþega fyrir árið 2030. Í dag hefur Isavia þegar minnkað losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri sínum um tæp 40 prósent á farþega. Markmiðið verður því endurskodað.

„Við hjá Kolviði hlökkum mikið til samstarfsins við Isavia um kolefnisjöfnun á starfsemi þeirra,“ segir Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðar. „Þetta sýnir einnig samfélagslega ábyrgð og gott framlag til að draga úr og kolefnisjafna losun sem tengist flugstarfsemi.“

„Isavia gengur fram fyrir skjöldu af fyrirtækjum í eigu ríkisins með þessum samningum,“ segir Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs. „Við hjá Votlendissjóði erum þakklát

fyrir stuðninginn. Sjóðurinn verður búinn að kolefnisjafna allt magnið sem keypt er strax á þessu ári. Ávinningurinn er mikill. Til viðbótar við stöðvun á losun gróðurhúsalofttegunda, þá eru votlendisvistkerfin endurheimt og þannig stuðlað að líffræðilegum fjölbreytileika dýra, fiska og fugla í íslenskri náttúru.“

Við undirritun samninganna var einnig greint frá því að Isavia hefði lokið við annað skref í innleiðingu á kolefnisvottun ACA (Airport Carbon Accreditation) fyrir Keflavíkurflugvöll. Vottunarkerfi er í fjórum skrefum. Það var hannað af ACI, Alþjóðasamtökum flugvallar, sem Isavia er meðlimur í. Kerfið er sérstaklega sniðið að rekstri og starfsemi flugvallar.

» Dregið hefur verið úr notkun jarðefnaeldsneytis með kaupum á rafbilum og starfsmenn með meirapróf fara á vistakstursnámskeið.

Skrefin fjögur eru:

- Kortlagning kolefnisspors
- Markmiðasetning og minnkun kolefnislosunar
- Minnkun kolefnislosunar í samstarfi við aðra rekstraradila á flugvöllinum
- Kolefnisjöfnun flugvallarinnar

Skref tvö felur því í sér að félagið hefur kortlagt losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni og vaktar og stýrir þeim þáttum þar sem losunin er mest. Til að ná öðru skrefi hefur einnig verið sýnt fram á að dregið hafi verið úr losun gróðurhúsalofttegunda á hvern farþega yfir þriggja ára tímabil.

Þjónustuverðlaun Keflavíkurflugvallar

Þjónustuverðlaun Isavia fyrir árið 2018 voru afhent við hátíðlega athöfn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í maí. Að þessu sinni féllu þjónustuverðlaun verslana í hlut sjóntækjaverslunarinnar Optical Studio. Þjónustuverðlaun veitingastaða hlaut Mathús, sem rekið er af Lagardere. Niðurstaðan nú, sem fyrr, byggir á markaðsrannsóknunum og könnunum sem gerðar eru á Keflavíkurflugvelli.

Isavia hefur síðustu ár verðlaunað rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli fyrir framúrskarandi þjónustu. Verslanir og veitingastaðir eru verðlaunuð fyrir að skara fram úr í þjónustu við farþega sem fara um flugvöllinn. Litið er meðal annars til þess hvernig afgreiðslufólk nálgast viðskiptavinum og hvort bæði vörur og upplýsingar um verð séu aðgengilegar.

Isavia leggur áherslu á góða þjónustu við ferðafólk í flugstöðinni. Rekstraraðilar eru í beinum tengslum við farþega og eru hvattir til að tryggja sem besta þjónustu. Liður í því er þjónustunámskeið og verðlaun fyrir vel unnin störf.

Í lofttegunda í starfseminni og vaktar og stýrir þeim þáttum þar sem losunin er mest. Til að ná öðru skrefi hefur einnig verið sýnt fram á að dregið hafi verið úr losun gróðurhúsalofttegunda á hvern farþega yfir þriggja ára tímabil.

Isavia hefur sett sér aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum. Meðal aðgerða í áætluninni er að meirihluti okutækja sem keypt eru skuli vera vistvænn í þeim flokkum sem slíkt býðst. Dregið hefur verið úr notkun jarðefnaeldsneytis með kaupum á rafbilum og starfsmenn með meirapróf fara á vistakstursnámskeið.

„Isavia er meðvitað um þá ábyrgð sem hvílir á fyrirtækinu varðandi loftslagsmál,“ segir Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri. „Við vinnum með virkum og skipulögðum hætti að aðgerðum til þess að minnka kolefnisspor félagsins.“

Meira fólk, fleiri breytingar

Keflavíkurflugvöllur hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu almannaflugs á Íslandi.

Ásta Eir Arnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli í apríl árið 1977.

völlurinn og bækistöðin sem við hann stóð afhentur Íslendingum til eignar og var hann þá nefndur Keflavíkurflugvöllur eftir stærstu nágrannabyggð hans í Keflavík. Á þessum tíma voru flugvellirnir við Keflavík reyndar tveir, Meeks og Patterson flugvöllur ofan Njarðvíkurfitja. Sá síðarnefndi þjónaði orrustuflygsveit Bandaríkjahers til stríðsloka. Patterson flugvöllur hefur stundum verið nefndur Njarðvíkurflugvöllur í daglegu

tali en hann var ekki notaður eftir stríðslok.

Keflavíkurflugvöllur var rekinn af bandarísku verktakafyrirtæki til ársins 1951 er Bandaríkjaher kom aftur til landsins samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna sem gerður var að tilstuðlan Norður-Atlantshafsbandalagsins, NATO.

Bandaríkjaher reisti bækistöð sína við Keflavíkurflugvöll sem oft var nefnd Keflavíkurstöðin. Þar



Flugstöð Leifs Eiríkssonar er ein sú glæsilegasta í Evrópu. Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

var afgirtur bær sem hýsti allt að 5.700 hermenn, starfsfólk og fjölskyldur þeirra allt til ársins 2006 þegar herstöðin var lögð niður. Í dag er herstöðin hverfi í Reykjanesbæ og gengur undir nafninu Ásbrú.

Miklar breytingar

Fyrstu áratuginu stóð flugstöðin fyrir flugvöllinn inni á varnarsvæði herstöðvarinnar en árið 1987 var opnuð ný flugstöð, Flug-

stöð Leifs Eiríkssonar, norðan við flugvöllinn og þjónar hún allri farþegaumferð um völinn.

Frá opnun flugstöðvarinnar hefur margt breyst. Fjöldi farþega hefur margfaldast og mikil uppbygging átt sér stað á flugvöllinum. Mikill vöxtur og fjöldi farþega hefur aukist með ári hverju. Fjölgu farþega hefur kallað á stækun mannvirkjanna sem hefur farið fram í nokkrum áföngum og mun halda áfram næstu árin.

VERSLAÐU Á HAGSTÆÐARA VERÐI Í OKKAR FULLBÚNU GLERAUGNAVERSLUN Í LEIFSSTÖÐ



Sjónmælingar
eru okkar fag

Optical Studio
LEIFSSTÖÐ

Ábyrgðar- og þjónustuaðilar:

Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 – Optical Studio Keflavík, s. 421 3811

Þróa flugborg við Keflavíkurflugvöll

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., stendur á merkilegum tímamótum í sögu félagsins. Á miðvikudaginn var skrifað undir viljayfirlýsingu um þróun flugborgar við Keflavíkurflugvöll.

Undir viljayfirlýsingu skrifuðu fjármálaráðherra, fulltrúar frá Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ eins og segir í tilkynningu frá Kadeco, Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. Svæðið sem félagið hefur til umsjúlu er eitt verðmætasta landsvæðið í eigu ríkissjóðs.

Stefnan sem Kadeco vinnur eftir grundvallast á hugmyndafræði Dr. John Kasarda sem kallast Aeropolis eða flugborg. Hugmyndafræðin byggir á því „að skapa megi mikil verðmæti úr landi við flugvöll,“ eins og segir í tilkynningunni. Í flugborginni má segja að flugvöllurinn sé segullinn sem laðar að mismunandi starfsemi, flugtengda sem ótengda. Sem dæmi má nefna gagnaver, hótél, hátækniönað, menntastofnanir, dreifingarmiðstöðvar og friverslunarsvæði, sem hagnast af nálægð við góðar flugtengingar og starfsemi sem tengist flugvellinum með einum eða öðrum hætti.

Hlutverk Kadeco er að draga innlend sem alþjóðleg fyrirtæki að svæðinu sem eiga það sammerkt að þau myndu njóta góðs af nálægð við Keflavíkurflugvöll. „Flugvellir sem hafa rými til að vaxa laða að fjölbreytta atvinnustarfsemi. Þá styrkir öflugur flugvöllur með góðum tengingum innlenda starfsemi með auknum viðskiptatækifærum og atvinnumöguleikum,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

Erlendis hefur verið unnið eftir þessari hugmyndafræði með



Fulltrúar Isavia, sveitarfélaga og fjármálaráðherra skrifuðu undir viljayfirlýsingu.



Í þróun flugborgarinnar er stefnt að nýtingu auðlinda og styrkleika Íslands.

góðum árangri. Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco, segir að þar fari flugvöllurinn Schiphol í Amsterdam fremstur í flokki.

„Þeim hefur tekist rosalega vel upp. Þessi hugmyndafræði hefur líka verið til grundvallar á öðrum stöðum þar sem gríðarlega vel hefur tekist til, til dæmis í Frankfurt, Seattle, Hong Kong og fleiri stöðum, en hvert land þarf að meta eigin samkeppnishæfni og skipuleggja flugborgina út frá sínum styrkleikum.“

Þar kemur Kadeco inn sem fékk

» Hlutverk Kadeco er að draga innlend sem alþjóðleg fyrirtæki að svæðinu sem eiga það sammerkt að þau myndu njóta góðs af nálægð við Keflavíkurflugvöll.

Það hlutverk af hendi ríkissjóðs að sinna þróun landsvæðisins. Kadeco var stofnað árið 2006 eftir að varnarlið Bandaríkjahers yfirgaf Keflavíkurflugvöll. Samkvæmt lögum gegnir félagið tvíþættum tilgangi. Annars vegar er það að selja fasteignir varnarliðsins og koma í borgaralega notkun, hins vegar að þróa landsvæðið við flugstöðina. Félagið hefur lokið við sölu allra fasteigna á svæðinu og hafa því kaflaskil orðið í rekstrinum.

Þá beri félaginu að stefna að jákvæðum samfélagslegum áhrifum við sitt verkefni og halda neikvæðum áhrifum í lágmarki. Kadeco sér um samskipti og ákvarðanatöku gagnvart sveitarstjórnnum og öðrum stjórnvöldum vegna eigna á svæðinu. Félagið annast þar að auki rannsóknir á umfangi jarðvegsmengunar á svæðinu og nauðsynlega hreinsun á því.

Velgengni flugvallarins er lykill að uppvexti á svæðinu

Möguleikarnir á fjölbreyttri starfsemi við flugvöllinn eru margir að sögn Mörtu Jónsdóttur.

Þetta er auðvitað gífurlegt landflæmi,“ segir Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco. Svæðið sem Kadeco hefur til umráða er 60 ferkílómetrar að stærð.

„Núna getum við farið að einbeita okkur að næsta fasa í þessu verkefni, sem er að þróandi við flugstöðina sem við förum með fyrir hönd ríkisins. Þetta er eitt verðmætasta landsvæðið í eigu ríkissjóðs.“ Næst á dagskrá er að byggja upp viðskiptagarð sem byggir á hugmyndafræði Dr. John Kasarda um flugborgina eða Aeropolis.

„Við höfum unnið eftir þessari hugmyndafræði frá árinu 2009. Þannig að við erum nú þegar byrjuð að innleiða hana á svæðinu.“

Gagnaver fjárfesta fyrir milljarða króna

Uppbygging flugborgarinnar



Flugborgir erlendis hafa þróast í jákvæða átt og skilað hagsæld.

reiðir sig að öllu leyti á að Keflavíkurflugvöllur haldi áfram að vaxa og dafna. „Okkar verkefni er að gera umhverfið í kringum flugvöllinn aðlaðandi, bæði viðskiptalega og eiginlega. Við viljum að menn kjósi að staðsetja sín fyrirtæki og flugtengda starfsemi á þessum stað.“

Það eru mörg tækifæri í boði við Keflavíkurflugvöll fyrir fjölbreytta starfsemi. „Gagnaverin á Ásbrú eru einn hluti af þessari uppbyggingu,“ segir Marta en slík

starfsemi þarf á greiðum flugleiðum að halda. Gagnaverin Verne Global og þörungaverksmiðja Algalífs eru með starfsemi á Ásbrú að sögn Mörtu, en þau fyrirtæki eru skýr dæmi um ákjósanlega starfsemi á svæðinu.

Verne Global og Algalif hafa þegar fjárfest fyrir tugi milljarða króna á svæðinu. „Fleiri fyrirtæki af þessum skala, sem og hótélkeðjur, dreifingaraðilar og hátækni-fyrirtæki munu kjósa að staðsetja sig við Keflavíkurflugvöll ef lagt er

af stað í þetta risavaxna verkefni á réttum forsendum,“ segir Marta.

Kjörið fyrir stóra dreifingarmiðstöð

Fyrsta þróunarverkefni Kadeco á svæðinu var menntastofnunin Keilir sem býður upp á fjölbreytt nám á borð við flugnám, íþróttakademíu og háskólabrú. Samkvæmt Mörtu hefur það komið í ljós með byggingu flugborgar erlendis að sterk menntastofnun sé nauðsynleg á slíkum svæðum.

» Við höfum unnið eftir þessari hugmyndafræði frá árinu 2009. Þannig að við erum nú þegar byrjuð að innleiða hana.

Marta segir að landsvæðið sé kjörið fyrir stóra dreifingarmiðstöð á borð við Amazon vegna landfræðilegrar staðsetningar Íslands. „Þegar fram í sækir viljum við sjá slíka starfsemi á þessu svæði.“ Næsta skref hjá Kadeco er að greina hvers konar starfsemi væri ákjósanlegust á svæðinu, með tilliti til staðsetningar Íslands og auðlinda sem hér eru að finna. Eftir það verður búin til markaðsáætlun til að sækja fjárfestingu inn á svæðið, bæði innanlands og utan í samstarfi við Íslandsstofu. „Við ætlum að efna til hugmyndasamkeppni á meðal arkitekta, væntanlega á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir það verða lögð drög að útliti svæðisins. Þá verðum við búin að ákveða hvaða starfsemi við erum að fara að sækja inn á svæðið.“

Áætlað er að fimm ár fari í að leggja drög að útliti svæðisins með tilliti til starfseminnar sem verður þar og vinna þá greiningarvinnu sem nauðsynleg er, en að vonandi verði styttra í að sýnilegur árangur verði af þeirri vinnu.



Ísak segir það mikilvægt að huga að samfélagslegum áhrifum uppbyggingarinnar.

Kadeco sameinar aðila tengda Keflavíkurflugvelli

Það þjónar hagsmunum sveitarfélaganna, Isavia, ríkissjóðs og almennings að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf við Keflavíkurflugvöll.

Ísak Ernir Kristinsson, stjórnarformaður Kadeco, segir að tímamótin sem félagið standi á markist fyrst og fremst af því að Kadeco hafi komið öllum eignum varnarliðsins, frá því það hvarf á brott, í borgaraleg not. Kadeco fékk þau fyrir máli að hafa í huga áhrif á samfélagið þarna í kring.

Forðast að rýra verðgildi

„Við þurftum til dæmis að passa okkur á að rýra ekki verðgildi annarra eigna á Suðurnesjum með því að setja allt eignasafn varnarliðsins á almennan markað á einu bretti. Nú erum við á þessu ári búin að selja síðustu eignina og höfum þar með komið öllum 320.000 fermetrum af húsnæði á Ásbrú í borgaraleg not. Við eigum engar eignir eftir og þessum kafla í sögu félagsins er því lokið með undraverðum árangri eða um 14 milljörðum króna í ávinning af



» Í dag er flugstöðin stærsti atvinnuveitandinn á Suðurnesjum og Ísak segir það mikilvægt að byggja upp starfsemi sem geti þrífist óháð áföllum í flugi.

verkefninu fyrir ríkissjóð. Þá eru ótalin þau samfélagslegu áhrif sem félagið og þróunarverkefni þess hafa skilað fyrir samfélagið á Suðurnesjum.“

Ásbrú er fyrsti vísirinn að flugborg sem verður byggð þarna í kringum flugvöllinn. „Við erum mjög stolt af árangrinum á Ásbrú. Þar búa á fjórða þúsund manns, um 300 fyrirtæki eru staðsett þar og þar með rúmlega tvö þúsund störf. Nú erum við að draga línu í sandinn og hefja vinnu að nýjum fasa í þróunarstarfinu.“

Ísak segir að samstarfið milli Isavia, sveitarfélaganna og ríkissjóðs gangi vel og að allir stefni í sömu átt.

Kadeco sameinar hagsmunaaðila

Á því landsvæði verður byggður upp viðskiptagardur í samstarfi við Isavia og sveitarfélögin í kring, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. „Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið, Isavia leggur inn mikla þekkingu og reynslu á þróun flugtengdrar starfsemi og ríkið býður afnot af landinu til þróunar. Hlutverk Kadeco er að vera farartæki þessara hagsmunaaðila og félagið kemur fram fyrir hönd allra þessara aðila í verkefninu.“

Kadeco kemur því ekki með neinum hætti að rekstri fyrirtækja eða íbúðaeign á svæðinu. „Við erum landþróunarfélag. Okkar verkefni snýr að því að meta tækifæri og styrkleika svæðisins, laða áhugasama aðila að og bjóða upp á land á markaðskjörum til að undirbúa jarðveginn fyrir eitthvað magnað.“

Þó svæðið sé ein verðmætasta landareign í eigu ríkissjóðs þá verða ákveðnar forsendur að liggja að baki þeirri fullyrðingu. „Þarna er flugvöllur sem þarf að hafa nægt landrými til að vaxa og dafna.“ Verðmætin felast í því að hagsmunaaðilar hafi svigrúm til að þróa landsvæðið áfram. „Land er eiginlega einskis virði ef það er ekkert skipulag á svæðinu.“

Þess vegna er að sögn Ísaks mikilvægt að sveitarfélögin komi að verkefninu og að landið sé áfram í eigu ríkissjóðs. Kadeco innheimtir leigu á Ásbrú og mun koma til með að gera það fyrir allt landsvæðið.

Nú ganga allir í takt

Ísak fullyrðir að landið verði leigt á markaðskjörum og að það sé ein forsenda fyrir hagsæld sveitarfélaganna. „Við ætlum öll að leggja okkar afmörkum til að hámarka virði og hagsæld fyrir alla aðila, fjölga atvinnutækifærum og gera það besta úr þessi einstaka verkefni fyrir okkur öll.“

Ísak segir að samstarfið milli Isavia, sveitarfélaganna og ríkissjóðs hafi gengið vel. „Það eru allir löngu búnir að sjá hvaða tækifæri eru þarna í boði. Það tók sinn tíma fyrir alla að sjá það, sem er í rauninni ágætt. Hugmyndin þurfti að fá að gerjast en nú ganga allir í takt. Við höfum öll sömu sýn á verkefnið, við viljum að þarna byggist upp öflug og fjölbreytt starfsemi í tengslum við flugið. Þarna munum við fjölga stöðum undir atvinnulífi á Suðurnesjum sem hefur verið einsleitt í gegnum tíðina.“

Á fyrri árum, þegar Bandaríkjaher var með varnarlið á flugvöllinum, voru fá atvinnutækifæri í boði önnur en hjá hernum. Eftir að herinn hvarf á brott varð 15% atvinnuleysi í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Í dag er flugstöðin stærsti atvinnuveitandinn á Suðurnesjum og Ísak segir það mikilvægt að byggja upp starfsemi sem geti þrífist óháð áföllum í flugi. Þannig að draga þarf inn á svæðið fjölbreytta starfsemi sem tengist ekki öllum flugi. „Við viljum þó byggja upp styrka atvinnustöð viðskiptalegrar starfsemi sem nýtir flugið en ekki þarf öll starfsemi endilega að vera háð fluginu.“



Oddur Hjaltason, eigandi Baseparking, segir að stefnan sé að taka við 20 þúsund pöntunum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Höfum ekki enn sagt nei við fyrirspurn

Baseparking í Keflavík verður tveggja ára á mánudag. Fyrirtækið hefur vaxið hratt en í byrjun sváfu stofnendur þess nánast ekki í þrjá mánuði. Í dag er það með 14 starfsmenn og stefnir á að taka við tuttugu þúsund pöntunum.

Þegar við byrjuðum vorum við bara tveir að hlaupa um með lykla og vissum varla hvernig hlutirnir virkuðu. Núna erum við með 14 manns í vinnu og við stefnum á 20 þúsund pantanir í ár," segir Ómar Hjaltason, eigandi Baseparking í Keflavík.

Fyrirtæki hans hefur vaxið hratt frá því það var stofnað þann fyrsta júlí 2017. Fyrirtækið tekur við bílum frá kúnnum sem eru á leiðinni í flug og leggur þeim í bílastæði sitt við Ásbrú. Þar býður fyrirtækið upp á alls konar þjónustu eins og dekkja- og oliuskipti auk smærri viðgerða og fleira. „Við bjóðum upp á næstum því alla þjónustu sem flesta vantar. Bón og alþríf eru algengasta beiðnin þannig að fólk getur nýtt frið sitt á meðan það er verið að dytta að bílnum. Við erum líka með samning við Frumherja þannig að hægt er að skoða bílinn á meðan viðkomandi er erlendis.

Við höfum ekki enn fengið beiðni sem við segjum nei við. Við getum keyrt bílinn til Reykjavíkur ef makinn þarf að nota hann og þá gerum við það. Við höfum gert



Eitt sem hefur einkennt Baseparking er persónuleg og góð þjónusta.

Við sváfum örugglega ekki nánast í hálfu ári í byrjun. Við rétt náðum að leggja okkur í tvo tíma eftir kvöldflugin áður en morgunflugin byrjuðu. Þetta voru langir dagar í byrjun og mig minnir að við höfum ráðið inn fyrsta starfsmanninn eftir fáeina mánuði. Þá gat maður náð smá svefni. Starfsmennirnir eru orðnir 14 í dag. Þetta er búið að vera smá hark en ákaflega skemmtilegt.“

Stefnan sett á Norðurlönd

Ómar segir að fyrirtækið sé í viðskiptahraðli Arion banka og ýmislegt sé í deiglu eins og að fara með þjónustuna til Norðurlanda. „Þegar við vorum að byrja var Isavia að auglýsa að bílastæðin þeirra væru full. Við gátum aldrei ímyndað okkur að þetta yrði svona vinsælt því við vorum að búast við 20 bílum eftir viku en vorum með 250. Þannig að við hittum á góðan tíma fyrir þessa þjónustu.

Milli 2017 og 2018 var 600 prósentu aukning á pöntunum sem er svolítið sturlað. Það var erfitt að halda utan um þá aukningu en tókst að lokum. Það er enn þá vöxtur frá fyrra ári og við teljum okkur eiga nóg eftir. Við eigum enn pláss á okkar bílapani þó við séum alltaf að reyna að finna fleiri stæði því þetta er allt að fyllast.“

Eitt sem hefur einkennt Baseparking er persónuleg og góð þjónusta en Ómar segir að margir kúnnar fyrirtækisins þekki starfsmenn hans með nafni. Það sé góður gæðastimpill. „Ég held að besta dæmið sé að kúnninn komi aftur og aftur. Fólk vill versla við fólk sem mætir þeim með bros á vör. Það er meira að segja þannig að nokkrir af okkar kúnnum þekkjá okkar starfsmenn með nafni og taka spjall. Ég held að sá kúnni sem hefur komið oftast til okkar hafi komið 70 sinnum á tveimur árum.“

„Við höfum rekist á alls konar veggi og höfum gert ýmis mistök en aldrei sömu mistök tvisvar.“

Oddur Hjaltason

ýmislegt á þessum tveimur árum og alltaf sagt já við fyrirspurnum.“

Ómar segir að það hafi ýmislegt gengið á í byrjun. Þá var mikið álag og mikil keyrsla. „Þegar við byrjuðum og vorum búinir að vera viku í rekstri þá vorum við með 250 bíla og 80 prósent af þeim voru af Toyota-gerð þar sem enginn lykill var merktur. Það voru 30 bílar að fara út daginn eftir og við eyddum næstu dögum í að merkja lykklana og koma upp kerfi. Við höfum rekist á alls konar veggi og höfum gert ýmis mistök en aldrei sömu mistök tvisvar. Það er búið að vera lykllinn að því að kúnninn fyrirgefi okkur ef eitthvað kemur upp á.